

Sp.

270. Tillaga

til þingsályktunar um landsverslunina.

Frá minni hluta samvinnunefndar viðskiftamála.

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að beina starfsemi landsverslunarinnar aðallega í þá átt:

- a. Að selja fyrirbyggjandi vörubirgðir og þær vörur, sem þegar er búið að gera ráðstafanir til að kaupa.
- b. Að innheimta útistandandi skuldir verslunarinnar og verjast nýjum skuldum.
- c. Að halda áfram sölu á tóbaki og steinolíu, og sje reikningsskilum fyrir einkasöluvörum haldið út af fyrir sig.

Greinargerð.

Þar sem ályktun Alþingis f. á. um landsverslunina miðast við þetta þing, lítur samvinnunefnd viðskiftamála svo á, að ekki verði hjá því komist að gera um verslunina ályktun af nýju. Hefir nefndin því tekið þetta mál til rannsóknar, en eigi orðið ásátt um niðurstöðu rannsóknarinnar. Flytjum vjer undirritaðir ályktun þá um málið, sem rituð er hjer að ofan.

Þar sem gerð voru tvö ítarleg nefndarálit um landsverslunina frá upphafi f. á., sem finna má á þingskj. þess árs 431 og 435, leyfum vjer oss að vísa til þeirra og gera hjer aðeins stutta grein fyrir versluninni síðastliðið ár.

Rekstrarreikningur landsverslunarinnar 1921.

		T e k j u r.	
1. Af ýmsum vörum	kr.	512190,94
2. — kolum	—	129603,03
3. — steinolíu	—	140229,10
4. Gengismunur	—	348255,19
5. Vátryggingar	—	1446,57

Samtals kr. 1131724,83

G j ö l d.

1. Ýmislegur kostnaður	kr.	340567,42
2. Flutningsgjöld og útskipun	—	39467,05

Flyt kr. 380034,47

enn að leggja mikla áherslu á það, að skuldirnar sju innheimtar sem allra fyrst, svo sem mögulegt er, og fje verslunarinnar og það fje ríkissjóðs, sem í henni er, sje sem minst og skemst bundið hjá öðrum. Á hinn bóginn lítum vjer svo á, að mikill meiri hluti skuldanna sje á tryggum stöðum og að versluninni og ríkinu stafi af þeim tiltölulega lítil hættu. Hefir nefndin flokkað skuldirnar í 3 flokka, þannig að í 1. fl. eru, að hennar áliti, tryggar skuldir, í 2. fl. váfasamar skuldir, og í 3. fl. skuldir, sem eru alveg eða að mestu leyti tapaðar. Urðu í 1. fl. kr. 1604426, í 2. fl. kr. 484293 og í 3. fl. kr. 206828. Sju nú skuldir 3. fl. taldar alveg tapaðar — sem þó mun tæplega vera — og skuldir 2. fl. tapaðar að hálfu leyti — sem þó er ólíklegt — gerir það um kr. 450000, sem ekki er mikið á svo stórrí verslun, eftir margra ára rekstur, nje hræðilegt fyrir verslunina og landið, þar sem verslunin á nú nál. 2 milj. króna í varasjóði. Vjer getum því alls ekki litið svo á, að landsversluninni fylgi jafnmikil ábyrgð og áhætta fyrir ríkið eins og sumir virðast álita.

Um verslunarveltuna er það að segja, að hún hefir minkað allmikið á árinu, en hve mikið verður ekki sagt nákvæmlega, vegna verðbreytinga. Samkvæmt reikningayfirliti verslunarinnar, er galdahlið ýmsra vara kr. 4799034,71 síðastl. ár, en kr. 7633391,68 árið 1920. Gjaldahlið kolaverslunarinnar — sem haldið er sjer á yfirlitinu — er kr. 2220989,29 síðastl. ár, en kr. 3715815,65 árið 1920. Er af þessu ljóst, að hjer er um mikla samanfærslu að ræða, einkum á versluninni með matvörur, og að stjórn verslunarinnar hefir að því leyti tekið þingsályktun f. á. til greina. Á hinn bóginn hefir steinolluverslunin aukist mikið, og mun ekki verða að því fundið af þingi nje almenningi.

Pegar nú litið er á hinn efnahagslega árangur verslunarinnar síðastl. ár, verður ekki annað sagt en að hann sje góður. Varasjóður hennar hefir að vísu ekki vaxið nema um rúmar 73 þús. kr. á pappírnum. En í rauninni er gróðinn miklu meiri, því mestur hluti þeirrar upphæðar, kr. 567614,24, sem færð er verðfallsreikningi til útgjalda á árinu, hefir gengið til greiðslu verðfalls á vörum frá 1920, einkum kolum, sem urðu geysidýr, vegna verkfallsins enska það ár. Er þar því um tap að ræða, sem tilheyrir því ári aðallega, þó greitt sje eða bókfært 1921. Efnahagsárangur verslunarinnar síðastl. ár er því alls ekki þannig, að hann verði með rjettu notaður til að vekja ótta við ríkisábyrgðina á versluninni. Má í sambandi við þetta benda á það, að skuld verslunarinnar við ríkissjóð fer mjög minkandi og það takmark nálgast, að hún komist af án hans aðstoðar við reksturinn.

Mjög mikill fjöldi manna, kaupmanna, kaupfélaga og einstakra manna, bæði hjer í Reykjavík og úti um land, leitar til verslunarinnar, og bendir það greinilega í þá átt, að þörf sje fyrir hana. Vjer álltum líka óheppilegt vegna innheimtu skuldanna að leggja verslunina niður í snöggu bragði. Við þetta tvent miðast tillaga vor aðallega. Einkasölu ríkisins á tóbaki og steinollu, ef til kemur, virðast allir sammála um, að landsverslunin hafi.

Alþingi, 20. apríl 1922.

Sigurjón Friðjónsson. Sigurður Jónsson. Ing. Bjarnarson.

Sveinn Ólafsson. Karl Einarsson.